

1872.

12. febrúar.

sett lagaboð, sem hægt væri að framfylgja, í stað hinna úreltu laga, sem nú væri í gildi um fiskiveiðar útlendra við Ísland, gæti það ekki orðið umtals mál, að fara eptir uppástungu alþingis um að sleppa greininni. Stjórnarráðið gat heldur ekki fallist á þá breytingu, sem alþing hafði stungið uppá við 2. grein frumvarpsins; því þó ástæða væri til, at láta sérstaklega harðari hegning liggja við afbrotum útlendra fiskimanna í þeim tilfellum, sem viðbætur sá, er alþing hefði stungið upp á, næði til, en þegar innlendir menn ætti í hlut, þá væri, hværnig sem á staði, þessi ákvörðun of almenn og snerti of ýmisleg tilfelli, til þess hegningu þeirri, sem fyrir væri mælt um í 1. grein, yrði komið við; enda væri ekki með því girt fyrir öll lagabrot af hálfu útlendra, nema því að eins að orðin, „eða gjöra þar aðrar skemmdir“, yrði tekin í langtum víðari merkingu, en sanngjarnt væri.

Að því leyti, er snerti breytingar þær við 3. grein frumvarpsins, sem alþing hafði stungið uppá, þótti ekki vera nein ástæða til að fallast á uppástungu þá, sem nefnd er í 1. staflíð að framan; hinar tvær breytingarnar tók stjórnarráðið aptur á móti til greina, og fannst því breytingu þeirri, sem nefnd er í 2. staflíð, bezt við komið með því móti, að setja „sóttvarnar-tilskipunum“ í staðinn fyrir „hinum gildandi sóttvarnar-tilskipunum“.

Af breytingunum við 4. grein frumvarpsins var önnur tekin til greina, en hin ekki.

Að endingu fannst stjórnarráðinu bezt við eiga, að kalla lagaboðið „tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og fl.“

Eptir að búið var að gjöra breytingar á frumvarpinu samkvæmt því, sem sagt er, lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að það yrði gjört að lögum.

12. febrúar.

14. Tilskipun fyrir Ísland, um sildar- og upsaveiði með nót. (á Íslenzku og Dönsku).

Vær Christian hinn Niundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors

trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar fyrir Ísland um síldarveiði með nótt, bjóðum Ver og skipum fyrir á þessa leið: 1872.
12. febrúar.

1. grein.

Sérhverjum þeim, sem heimilt er að fiska í landhelgi, skal leyft, að króa af síld eða upsa með nótt upp að landi annars manns, og draga veiðina þar á land; svo má hann og setja þar báta, nætur og önnur veiðarfæri á land upp til aðgjörðar og þerris, og salta þar niður aflann; en gjalda skal hann fyrir allt þetta landshlut, 4 af hundraði af veiðinni.

2. grein.

Gjöri nóttarmenn með þessu skaða á túni, engjum eða haga, eða á friðlýstu æðarvarpi eða selalögnum, eða það verði almennum afnotum landeignarinnar til fyrirstöðu, skulu fyrir það koma sanna-gjarnar skaðabætur, sem óvilhallir menn, er rétturinn nefnir þar til, skulu meta, ef mönnum kemur ekki saman.

3. grein.

Landshlutar fellur undir ábúanda þeirrar jarðar, þar sem gjalda skal landshlut, þótt eigi sé hann eigandi jarðarinnar, nema öðruvísi sé um samið milli hans og landsdrottins.

4. grein.

Hafi fleiri en einn tilkall til landshlutar af landi, þar sem landshlut skal greiða, er nóttarformanninum heimilt að borga landshlut allan og skaðabætur fyrir skemmdir, sem kunna að hafa orðið á landeigninni, til einhvers þeirra, nema umboðsmaður gefi sig fram af hendi allra hinna, sem hlut eiga að máli.

5. grein.

Þegar nótt er upp dregin, er formaður skyldur til, áður en nóttarmenn fara burt, að segja til veiðarinnar þeim, sem eftir næstu grein á undan á hlut að máli, og svo framarlega sem mönnum ekki hefir komið saman um annað, skal þá þegar gjalda landshlut með þeim parti af veiðinni, sem lögákveðinn er, og í því, sem veiðzt hefir. Sé ekki farið eftir ákvörðun þessari, eða ef rangt er sagt til veiðarinnar, skal landshlutar goldinn tvöfalt. Sé rangt sagt til veiðarinnar í sviksamlegum tilgangi, kemur það þar að auk undir hin almennu hegningarlög.

1872.

12. febrúar.

6. grein. Bátar, veiðarfæri og afli nóteigenda skulu standa í veði fyrir landshlut og skaðabótum eptir 2. grein.

7. grein.

Sè nót lögð á helgidegi, og síld eða upsi króaður inni, skal gjalda 2—50 rd. þóknun til fátækra sjóðs hreppsins, eptir því hvernig drættinum er varið og ákvörðun sýslumanns. Þessa þóknun má taka lögtaki.

8. grein.

Þar sem nót er lögð, má, eptir að búið er að gefa út streng og byrjað á lagningunni, og þessu er haldið áfram án þess óvanaleg töf eigi sér stað, engin veiðarfæri leggja niður á því sviði, sem ætlazt má á að nótin lyki fyrir.

Sè net áður útlögð, sem eru því til fyrirstöðu að nótin verði dregin og fest, hefir formaðar nótarrinnar rétt til að taka þau upp ellegar að draga nótina í land, og, ef til vill, hin útlögðu net með, ef hann bætir eiganda skaða og veiðisþjöll.

Nú er nót fest, og liggur yfir veiðarfærum, þá má þau eigi upp taka án samþykkis nótarformanns. Þar á móti skal nóteigandi, þegar svo á stendur, annaðhvort skila veiðarfærunum jafngóðum, áður 12 stundir líði, eða bæta þau með öðrum nýjum og óaðfinnanlegum, eða borga þau í peningum tvennu verði. Auk þessa skal eiganda bætt veiðisþjöll eptir því, sem almennt aflast dægur hvert, unz goldið er.

Net, sem liggja á sviði því, sem nótin lykurl fyrir, má formaður nótarrinnar taka upp að ósekju, en borgi veiðisþjöll.

9. grein.

Siti fleiri en einir nótarmenn fyrir síld eða upsa, hafa þeir rétt til nótlagningar, sem fyrst hafa gefið út nótstrenginn og byrjað að leggja nótina, og sè þessu haldið áfram tafarlaust svo sem verður, mega engir hinna tálma þessu.

Nú hafa tvennir nótarmenn byrjað að leggja út nót samtundis og aðrir innar, þá skulu þeir, ef síld eða upsi er í báðum nótum og ytri nótin ekki getur bjargað afla sínum, áður en sú innri er upp tekin, hafa drátt í sameiningu, og skal hlutur

hvorra fyrir sig ákveðinn eptir áætlun, ef þeir hafa ekki komið sèr öðruvísi saman.

1872.

12. febrúar.

Nú leggja tvennir nótarmenn samstundis, og hvorir í móti öðrum, og draga hvorugir nótina í land til sinnar hliðar, þá skulu þeir hafa drátt í sameiningu, og skipta til helminga.

10. grein.

Nót, sem engin veiði er í, skal strax upp tekin, ef eigandi nótar, sem utar liggur, og veiði er í, krefst þess.

Nóteigandi, sem hefir nót lagða þannig, að öðrum er meinað að leggja nætur sínar, eða draga þær á land, skal skyldur til, þegar þess er krafizt, að draga fram nót sína eða flytja festar og vörp svo mikið sem verður, án þess að skaða afla sinn.

11. grein.

Hver sá, er á nokkurn hátt reynir að tálma nótveiði, og eins hver sá, er með ásettu ráði skemmir nót, sem er lögð út og fest, eða spillir veiðinni að öllu eða nokkru leyti, skal sæta hegningu eptir tilskipun þessari, að því leyti sem þyngri hegning ekki liggur við verki hans eptir hinum almennu hegningarlögum.

12. grein.

Fyrir brot gegn ákvörðununum í 8. til 11. grein skulu koma sektir, frá 5 til 200 rd. Sektirnar renna í landssjóð.

13. grein.

Með sektamál eptir tilskipun þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Sök skal niðurfalla, þegar hlutaðeigandi við birtingu stefnunnar undirgengst að borga sekt þá, sem dómariinn hefir stungið uppá í stefnunni innan takmarka þeirra, sem nefnd eru í 12. grein, og greiðir sekt þessa og málskostnað að auki, áður 3 sólarhringar líði.

Gjörð þessa skal dómari bóka í dómabókina svo fljótt sem verður, um leið og stefnan er lögð fram.

14. grein.

Um sakarfyrning skal farið eptir því, sem fyrir er mælt í 67. grein í hinum almennu hegningarlögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

1872.

12. febrúar.

Ástæður fyrir lagaboði þessu¹.

Sökum þess, að nú um hin síðustu ár hefir verið byrjað að stunda síldarveiði með stórfenglegra móti en áður, einkum við strendur Norðurmúlasýslu, og sýslumaðurinn þar hafði borið upp fyrirspurn um landshlut, þegar síld er króud af með nótum upp að landi, og svo af því, að „hið danska fiskifélag“ hafði farið þess á leit, að settar yrði reglur um síldarveiði á Íslandi, lét stjórnin búa til frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um síldarveiði með nót, sem lagt var fyrir alþingi 1871; þingið ræddi síðan frumvarp þetta á lögskipaðan hátt, og lét uppi álit sitt um það á þessa leið.

Þingið viðurkenndi, að það væri æskilegt, að lög yrði sett um efni það, sem hér ræðir um, og með því þingið einnig áleit, að frumvarpið yfir höfuð að tala væri aðgengilegt, fann það ekki ástæðu til að gjöra neinar verulegar breytingar á því, nema hvað þingið áleit nauðsynlegt, að þessi lög næði einnig til upsaveiðarinnar á Íslandi, sem víða mætti hafa mikil not af, yrði hún fljótt og vel notuð, og sem væri mjög áþekkt síldarveiðinni. Að öðru leyti ræð þingið til, að ýmsar smábreytingar á sumum greinum frumvarpsins og orðfærinu yrði gjörðar, og skal þeirra hér getið.

Með því landshlutur sá, sem ræðir um í 1. grein frumvarpsins, væri borgun bæði fyrir að draga veiðina á land, og jafnframt hitt, að setja á land báta, nætur og veiðarfæri, og að salta þar síldina, virtist þinginu eiga betur við, að tengja 1. og 2. málsgrein nánara saman, hækka landshlutinn um helming, og setja ákvörðunina um hann seinast í greinina, þegar það allt væri talið, sem hann er borgun fyrir; eins áleit þingið það nauðsynlegt, að girða fyrir það með þerum orðum í greininni, að síldar eða upsaveiðin ekki gæti ríðið í bága við friðlýst æðarvarp, selalátur eða selalagnir. Ennfremur breytti þingið orðinu „landshlutur“ í „landshlutur“, og orðaskipuninni „ef hann geldur“ í: „þar sem landshlutur er goldinn“. Samkvæmt þessu yrði þá 1. grein svo hljóðandi:

¹) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 9, 50, 151—161, 234—245 og 780, II., 123—129, 226—229, 244—247 og 478—484.

1872.

12. febrúar.

„Sérhverjum þeim, sem heimilt er að fiska í landhelgi, skal leyft, þar sem eigi er til skaða fyrir friðlýst æðarvörp, selalagnir eða selalátur, að króa af síld eður upsa með nótt upp að landi annars manns, og draga þar veiðina á land; svo má hann og setja þar báta, nætur og önnur veiðarfæri á land upp til aðgjörðar og þerris, og salta þar niður síldina, en gjalda skal hann landshlut 6 af hundraði af veiðinni”.

Í 2. grein stakk þingið uppá nokkrum orðabreytingum, og uppá því, að orðin: „þeir skulu og kveða á um — — — landsdrottinn eða leiguliða” falli burt í enda greinarinnar, með því eigi yrði séð, að hér gæti orðið að ræða um slík jarðspjöll, er jarðeigandi ætti bætur fyrir, þegar hann ekki byggir sjálfur á jörðunni, en á hinn bóginn gæti þessi ákvörðun hæglega valdið óþörfum ágreiningi.

Þinginu virtist það réttast, að 3. grein yrði sniðin eptir grundvallarreglu Jónsbókar um leiguliða-afnot á jörðu yfirhöfuð, svo að leiguliði fengi landshlut allan og skaðabætur, nema öðruvísi væri um samið við landsdrottinn. Samkvæmt þessu yrði greinin svo látandi:

„Sá, sem á jörðu býr, tekur landshlut allan og skaðabætur, nema leiguliði sé, og öðruvísi sé um samið við landsdrottinn”.

Þingið lagði það til, að 4. grein yrði orðuð á þessa leið:

„Nú eru fleiri búendur á jörðu en einn, og fellur þá landshlutur og skaðabætur fyrir skemmdir á óskiptu landi undir þá eptir jarðarmegni, en heimilt skal formanni að greiða landshlut allan og sameiginlegar skaðabætur til einshvers þeirra, nema umboðsmaður gefi sig fram af hendi sambylismanna”, sér í lagi til þess að gjöra það hægra fyrir nótarmenn, að greiða landshlutinn.

Við 5. og 6. grein stakk þingið að eins uppá nokkrum orðabreytingum.

Við 7. grein stakk þingið uppá, að þóknunin til fátækra-sjóðsins verði hið minnsta 5 rd., svo að „5—50 rd.” kæmi í staðinn fyrir „2—50 rd”.

Að öðru leyti fór þingið aðeins fram á nokkrar orðabreytingar, svo sem, að fyrir orðið „dráttur” í 8. grein kæmi „töf”, og fyrir „fiskispell” kæmi „veidispjöll”.

1872.

12. febrúar.

Í álitsskjali sínu mælti konungsfulltrúi yfirhöfuð með breytingum alþingis; samt fannst honum það réttast, að landshlutar, sem í frumvarpinu var 3 af hundraði, yrði 4 af hundraði; enn fremur var hann á móti því, að breyting sú, sem alþingi hafði stungið upp á við 1. grein, til þess að koma í veg fyrir, að síldarveiði og uppsaveiði kæmi í bága við friðlýst æðarvörp og selalagnir, yrði tekin til greina, þar sem sæð væri fyrir þessu með því, sem fyrir væri mælt í 2. grein um skaðabætur, en svo enginn efi yrði um það, mætti samt, ef til vildi, taka beinlínis fram í þessari grein, að bætur skyldi og koma fyrir skemmdir á friðlýstu æðarvarpi og selalögnum.

Dómsmálastjórnin varð að fallast á uppástungu alþingis um það, að lagabóðið skyldi einnig ná til uppsaveiðar; að því leyti, er snerti upphæð landshlutar og ákvörðun þá, um friðlýst æðarvörp og selalagnir, sem alþing hafði stungið uppá, fannst stjórnarráðinu það réttast að fara eptir tillögum konungsfulltrúa um þessi efni; að öðru leyti áleit stjórnarráðið að ætti bezt við, að 1. og 2. grein yrði orðaðar, eins og hér skal sagt:

1. grein.

„Sérhverjum þeim, sem heimilt er að fiska í landhelgi, skal leyft að króa af síld eða upsa með nótt upp að landi annars manns, og draga veiðina þar á land; svo má hann og setja þar báta, nætur og önnur veiðarfæri á land upp til aðgjörðar og þerris, og salta þar niður aflann; en gjalda skal hann fyrir allt þetta landshlut, 4 af hundraði af veiðinni“.

2. grein.

„Gjöri nótarmenn með þessu skaða á túni, engjum eða haga, eða á friðlýstu æðarvarpi eða selalögnum, eða það verði almennum afnotum jarðarinnar til fyrirstöðu, skulu fyrir það koma sanngjarnar skaðabætur, sem óvilhallir menn, sem rétturinn nefnir þar til, skulu meta, ef mönnum kemur ekki saman“.

Að því, er snerti 3. grein, varð stjórnarráðið að fallast á ástæðu þá, er alþing hafði borið fyrir, en á hinn bóginn fannst því, að mætti taka það skýrara fram, og ætti betur við að laga greinina eptir 2. gr. í hinum norsku lögum um landshlut, 23. maí 1863, á þessa leið:

1872.

„Landshlutur fellur undir ábúanda þeirrar jarðar, þar sem gjalda skal landshlut, þótt eigi sé hann eigandi jarðarinnar, nema öðruvísi sé um samið milli hans og landsdrottins”.

12. febrúar.

Áð því leyti, er snerti breytingu þá, sem alþingi hafði stungið uppá við 4. grein, þótti það ekki eiga við hær, að kveða neitt á um, hvernig skipta skyldi landshlut milli fleiri, sem tilkall hefði til hans, en það væri nóg, að séð yrði um, að nótarmenn hefði eigi meiri töf við að greiða landshlut, þegar fleiri ætti tilkall til landshlutar, en þegar um einn væri að ræða. Samkvæmt þessu var greinin látin vera á þessa leið:

„Hafi fleiri tilkall til landshlutar af landi, þar sem landshlut skal greiða, er nótarmanninum heimilt að borga landshlut allan og skaðabætur fyrir skemmdir, sem kunna að hafa orðið á landeigninni, til einhvers þeirra, nema umboðsmaður gefi sig fram af hendi allra hinna, sem hlut eiga að máli”.

Með því lagabodid ætti einnig að ná til upsaveidar, sem ekki væri svo arðsöm sem síldarveiði, fannst stjórnarráðinu það réttast, að gjöra enga breytingu á því, sem ákveðið væri í 7. grein frumvarpsins um þóknunina til fátækra sjóðsins.

Dómsmálastjórnin lagði síðan til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum með þeim breytingum, sem getið er.

15. Tilskipun handa Íslandi, um spítalagjald af sjávar- afla. (á Íslenzku og Dönsku). 12. febrúar.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúá alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um gjald spítalahlutanna, sem svo eru nefndir, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Spítalahlutir skulu greiddir af sjávarafla þeim, er fæst á

Tíð. um stjórnarmál. III. 19